

Fundargerð

Aðalfundur Golfklúbbs Mosfellsbæjar var haldinn fyrir milligöngu fjarfundabúnaðar, þann 19. nóvember 2020, kl. 20:00.

Dagskrá fundarins var á þessa leið:

1. Kosning fundarstjóra og fundaritarara.
2. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á vegum félagsins
3. Áritaðir reikningar kynntir
4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikningar lagðir fram til samþykktar
5. Lagabreytingar
6. Rekstraráætlun komandi starfsárs kynnt
7. Ákvörðun félagsgjalda
8. Kosning stjórnar, formanns og tveggja skoðunarmanna reikninga
9. Kosning aganefndar og kjörnefndar
10. Önnur mál.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður setti fundinn og gerði þá tillögu að Gunnar Jónatansson, yrði kjörinn fundarstjóri og Tómas Sigurðsson, fundarritari. Það var samþykkt og tóku þeir til starfa.

Fundarstjóri kannað lögmæti fundarins, en til hans var boðað með auglýsingu á heimasíðu félagsins þann 4. nóvember 2020 og á Facebook með tilskildum fyrirvara. Fundarstjóri kannaði hvort nokkur hefði athugasemd við boðun fundarins. Svo var ekki og úrskurðaði fundarstjóri fundinn lögmætan og var þá gengið til dagskrár.

2. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á vegum félagsins

Kári Tryggvason flutti skýrslu stjórnar um störf og framkvæmdir á vegum félagsins. Skýrsluna má lesa í heild sinni á heimasíðu félagsins.

3. Áritaðir reikningar kynntir

Auður Ósk Þórisdóttir, gjaldkeri félagsins, kynnti ársreikning Golfklúbbs Mosfellsbæjar fyrir rekstrarárið 1. október 2019 til 30. september 2020.

Verulegur viðsnúningur varð á rekstri klúbbsins frá fyrra ári. Afkoman var jákvæð um 40,2 m.kr. Farið var nánar yfir efni príhliða samkomulags sem gert var milli klúbbsins, Landsbankans og

Mosfellsbæjar. Rekstur félagsins árekstrarárinu er verulega frábrugðinn fyrri árum eftir að félagið samdi um rekstur veitingasölu við sjálfstæða rekstraraðila.

Auður fór yfir rekstrarreikning félagsins. Heildartekjur af aðalstarfsemi námu 227,3 m. kr. m.kr. og tekjur af aukastarfsemi 9,5 m.kr. Heildartekjur námu samtals 236,8 m.kr. Rekstrargjöld á árinu námu 192,0 m.kr. og hagnaður af rekstri félagsins fyrir fjármagnsliði nam 44,8 m.kr. Fjármagnskostnaður nam 28,6 m.kr. á árinu. Þá færði félagið til tekna framlag frá Mosfellsbæ vegna framkvæmda, að fjárhæð 24,0 m.kr. Hagnaður félagsins nam þannig 40,2 m.kr. borið saman við 54,4 m.kr. tap á fyrra ári.

Auður skýrði efnahagsreikning félagsins þann 30. september 2020. Eignir í lok tímabils námu 814 m.kr., skuldir námu 362 m.kr., þar af langtímaskuldir 313,4 m.kr.

Að lokum skýrði Auður helstu hreyfingar í sjóðstreymi félagsins.

4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins. Fundarmenn lýstu almennt ánægju sinni með rekstur félagsins á tímabilinu og þann viðsnúning sem náðst hefur á rekstrinum.

Spurt var um kostnað við vökvunarkerfi, sem nam rúmum 12 m.kr. Þá var spurt hvert tap klúbbsins af veitingasölu, meðan hún var rekin af klúbbum. Svar við þeirri fyrirspurn lá ekki fyrir.

Eftir umræður voru reikningarnir bornir undir atkvæði og voru þeir samþykkti samhljóða, án mótatkvæða.

5. Lagabreytingar

Fundarstjóri kynnti tillögur stjórnar að lagabreytingum. Tillögurnar eru þessar:

„1. Heimilt verði að kjósa stjórnarmenn til tveggja ára í senn

Lagt er til að 2. mgr. 8. gr. laganna hljóði svona:

Stjórn félagsins skal skipuð sjö mönnum, sem kosnir eru á aðalfundi. Sex eru kosnir til tveggja ára í senn, þrír í hvert sinn, en formann félagsins skal kjósa sérstaklega til eins árs í senn. Á aðalfundi skal jafnframt kjósa fjóra varamenn til eins árs í senn.

2. Reikningsár félagsins

Lagt er til að 11. gr. laganna hljóði svona:

Reikningsár félagsins er frá 1. nóvember til 31. október. Reikninga ber að leggja fram til samþykktar á aðalfundi.

Ákvæði til bráðabirgða: Reikningsárið sem hófst 1. október 2020 verður 13 mánuðir og lýkur 31. október 2021.

3. Fundargerðir

Lagt er til að 12. gr. laganna hljóði svona:

Stjórn skal sjá til þess að haldnar séu fundargerðir aðalfundar, félagsfunda og stjórnarfunda. Stjórn skal vista fundargerðir ásamt fundargögnum á tryggilegan hátt.

Fundargerð aðalfundar og fundargögn skal birta félagsmönnum á vefsvæði félagsins.“

- ***Tillögurnar voru samþykktar samhljóða með öllum greiddum atkvæðum, sem og löggin í heild sinni með innfelldum breytingum.***

6. Rekstraráætlun komandi starfsárs kynnt

Ágúst Jensson, framkvæmdastjóri GM kynnti rekstraráætlun komandi rekstrarárs, þar sem gert er ráð fyrir að rekstrartekjur nemi 246,8 m.kr. Gert er ráð fyrir að rekstargjöld fyrir fjármagnsliði nemi 205 m. kr. fjármagnsgjöld verði 15,5 m. kr. og framlög frá Mosfellsbæ nemi 13,2 m. kr., sem leiði til hagnaðar um 39,5 m. kr.

Þá greindi Ágúst frá fyrirhuguðum fjárfestingum á vegum klúbbsins á næsta ári áætlað er að nemi um 20 m.kr.

Framkvæmdastjóri svaraði fyrirspurnum í lok kynningar: Spurt var um áætlun um fjölgun kvenna í hópi félagsmanna, ekki síst í því ljósi að 1400 manna Kvennanefnd starfar innan félagsins. Áætlun miðar að því að fjölga kylfingum úri stúlkna. Stjórn félagsins hefur Fjölgun kvenna? Fjarlægðarmerki á æfingasvæði – þau verða sett upp næsta sumar.

7. Ákvörðun félagsgjalda

Ágúst Jensson, kynnti svohljóðandi tillögu stjórnar að félagsgjöldum félagsins:

Félagsaðild með fullri leikheimild	122.900 kr.
Félagsaðild með hálfri leikheimild	87.500 kr.
67 ára og eldri (Full leikheimild)	92.600 kr.
67 ára og eldri (Hálf leikheimild)	66.900 kr.
Ungmenni 12 ára og yngri	22.500 kr.
Ungmenni 13 - 18 ára	28.500 kr.
Ungmenni 19 - 26 ára	61.900 kr.

Æfingaboltar á æfingasvæði verðsa innifaldir í félagsgjöldum.

- ***Tilboð um frítt árgjald fyrir börn foreldra sem bæði eru félagsmenn gildir áfram. Stjórn er heimilt að koma til móts við félagsmenn sem verða fyrir tekjufalli. Eftir umræður var tillaga stjórnar um félagsgjöld samþykkt samhljóða.***

8. Kosning stjórnar, formanns og tveggja skoðunarmanna

Í framboði til stjórnar voru:

Formaður: Kári Tryggvason, kosinn til eins árs

Stjórnarmenn kjörnir til tveggja ára:

Ragnheiður Ríkharðsdóttir

Auður Ósk Þórisdóttir

Steinþór Pálsson

Stjórnarmenn kjörnir til eins árs:

Siggeir Kolbeinsson

Guðjón Karl Þórisson

Írunn Ketilsdóttir

Varamenn, kjörnir til eins árs:

Einar Már Hjartarson

Nína Björk Geirsdóttir

Ásbjörn Björgvinsson

Margrét Óskarsdóttir

Skoðunarmenn reikninga – kjörnir til eins árs:

Elín Rósa Guðmundsdóttir

Sigurður Geirsson

- **Tillagan var samþykkt.**

9. Kosning aganefndar og kjörnefndar

Í framboði voru:

Sigurður Geirsson

Þórarinn Egill Þórarinsson

Elín Rósa Guðmundsdóttir

Varamaður: Guðrún Leósdóttir

Varamaður: Þuríður Pétursdóttir

- **Tillagan var samþykkt.**

Kjörnefnd var kjörin óbreytt, en hún er þannig skipuð:

Guðrún Leósdóttir

Óskar Sæmann

Þorvaldur Borgar Hauksson

10. Önnur mál

Kári Tryggvason þakkaði fyrir traustið til sín og stjórnar og lýsti tilhlökkun til komandi árs. Fleiri tóku ekki til máls.

Fundarstjóri, Gunnar Jónatansson, þakkaði fyrir góðan fund og sleit fundi kl. 20:20.

Gunnar Jónatansson
fundarstjóri

Tómas Sigurðsson
fundarritari